

Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæjar þann 21. apríl 2021
Haldin í Ráhúsi Snæfellsbæjar kl 15,00. Fundur no 11 frá upphafi.

Mættir voru: Jón Guðmundsson, Jóhanna Gunnarsdóttir, Pétur Steinar Jóhannsson og Erla Laxdal formaður nefndarinnar

Formaður bauð fundarmenn velkomna á firsta fund ársins 2021

Mál no 1: Um hreinsun á lóða

Á ágætum fundi í Klifi hjá félagi eldri borgra í mars sl urðu ma umræður um hreinsun lóða þe slátt og tiltekt. Þetta mál var tekið fyrir á fundi Öldungaráðs í dag og það rætt. Eftir farandi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar samþykkir að beina því til bæjarstjórnar að þeir eldri borgarar og öryrkjar sem þess óska fái flokk eldri unglunga sem eru í sumar bæjarvinnunni til að hreinsa lóðir viðkomandi þe blómabeð og runna og verði það án endurgjalds.

Greinargerð: Nauðsynlegt væri að þetta yrði gert í amk tvö skipti þe fyrst á vorin/júní og svo einu sinni til tvisvar yfir sumarið. Eldri borgarar og öryrkjar myndu þá sækja um til Snæfellsbæjar og vinnan yrði gerð í samvinnu við þá. Þetta yrði undir stjórn Stefáns Jónssonar garðyrkjustjóra í Snæfellsbæjar.

Þetta yrði mikil hjálp fyrir þá sem þurfa á því að halda. Alltaf er verið að tala um að gera þessum hóp auðveldara til að búa lengur heima. Svona hreinsun og þrif getur verið erfið þeim sem ekki geta og fólk því ánægt að líta yfir flottan garðin sinn að verki loknu. Öldungaráð þakkar góða undirtektir Snæfellsbæjar við sláttin sl ár og viljum við taka fram að mikil ánægja hefur verið sláttinn síðast liðin ár.

Mál no 2: Íbúðamál eldri borgara í Snæfellsbæ

Eftirfarandi var samþykkt eftir umræður með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar vill hvetja Bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að láta verða af því sem first að byggja tvö tveggja til þriggja íbúða parhús/raðhús. Yrði annað þeirra staðsett í Ólafsvík og hitt á Hellissandi.

Greinargerð: Öldungaráð hefur rætt um þessi mál í tvö ár á sínum fundum og finnst nú komið til að framkvæma. Mikil vöntun er orðið á minna íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Margir þeirra eru með stórar eignir eins og áður hefur komið fram á fundi Öldungaráðs. Viljum við benda á parhúsin tvö sem eru við Engihlíð í Ólafsvík og eru góð fyrirmynd sem myndi henta.

Benda má að byðlisti er eftir að komast í þau. Við byggingu húsana myndi losna um fyrir yngra fólk með fjölskyldur til flytja sig í stærra húsnæði.

Mál no 3: Sundleikfimi eldri borgara í SNB

Öldungaráð Snæfellsbæjar vill koma á framfæri þökkum til Bryndísar Kristjánsdóttur fyrir þann tíma sem hún hafði umsjón með sundleikfimi fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Jafnframt er nýrri umsjónarkonu Helenu Billington óskað alls hins besta í starfinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,50.

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson